

## G J A L D S K R Á

### fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

#### I. RAFORKA

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og við því verði er hér segir.

#### A. Lýsing.

- 01 1. Um kWst.-mæli á kr. 31.40 hverja kWst.  
 02 2. Um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst. auk fastagjalds er nemi kr. 40.75 á ári fyrir allt að 25 m<sup>2</sup> gólfflatarmáls í rúmi því, er lýsa skal, og kr. 76.00 fyrir hvern m<sup>2</sup> umfram 25 m<sup>2</sup>. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 38.00 á m<sup>2</sup> á ári.

Séu notaðir flúrskinslampar, natriumlampar eða kvikasilfurslampar með ófasviksjöfnuðum straumrásum, er heimilt að miða orkugjald skv. 1. og 2. tölulið við kílóvoltamperstundir í stað kílówattstunda.

#### B. Almenn heimilisnotkun.

- 12 Um kWst.-mæli á kr. 6.81 hverja kWst., auk þess fastagjald kr. 702.00 á ári fyrir hvert herbergi, sem ætlað er til íbúðar og eldhús, en ekki ganga, baðherbergi eða geymslur.

#### C. Vélanotkun.

- 20 1. Um kWst.-mæli á kr. 15.00 hverja kWst.  
 23 2. Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 5 kW. Aflgjald skv. kWst.-mæli á kr. 7 432.00 hvert árskW. Auk þess skal greitt orkugjald skv. kWst.-mæli á kr. 2.67 hver kWst. Minnsta aflgjald er kr. 37 160.00 á ári. Verði raunstuðullinn lægri en 0.8 er heimilt að miða aflgjaldið við 90% af mestu kVA-notkun í stað mestu kW-notkunar.

#### D. Hitun.

- 03 1.1 Um kWst.-mæli á kr. 5.24 hver kWst. (án söluskatts).  
 04 1.2 Um kWst.-mæli á kr. 6.97 hver kWst. (með söluskatti).  
 16 2.1 Um kWst.-mæli á kr. 1.87 hver kWst., (án söluskatts) enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.  
 17 2.2 Um kWst.-mæli á kr. 2.45 hver kWst., (með söluskatti) enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag, á tímum mesta álags rafveitunnar.  
 32 3.1 Um kWst.-mæli á kr. 0.98 hver kWst., (án söluskatts) enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.  
 33 3.2 Um kWst.-mæli á kr. 1.28 hver kWst., (með söluskatti) enda megi rjúfa strauminn í allt að 12 klst. á sólarhring.

#### *Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

- a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.  
 b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.  
 c) Að hitalagnir, þar með talin öll læki, séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins, ofnar fasttengdir með sérstökkum rofum og hitastillar notaðir, þegar þess er krafist.

- d) Að húsnaðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
- e) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, þegar þess er krafist og skal þá tekið fram, við hvaða minnsta útiþita hitaþörfin er miðuð.

### E. Stórnotkun.

- 50 Um mæla þannig reiknað, enda sé aflnotkun minnst 200 kW.  
Aflgjald: kr. 13 546.00 hvert árskW.  
Orkugjald: kr. 1.51 hver kWst.  
Sala skv. þessum lið er háð ákvörðun rafveitunefndar.

### F. Önnur notkun.

1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðunum A til D á orku, sem notuð er á sumrin, ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.
- 40 2. Til nota við vinnulagnir við byggingar, meðan á byggingu stendur.  
Um kWst.-mæli á kr. 16.48 hver kWst.
41. 3 Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu: Kr. 43 100.00 hvert árskilóvatt, þótt mælitækjum verði ekki við komið, enda greiði þá notandi að auki stofnkostnað og viðhaldskostnað að fullu eftir ákvörðun rafveitunnar. Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði samkv. tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
4. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

### G. Mælaleiga.

1. Af einfasa mælum ..... kr. 36.00 á mán.
2. Af þrífasa mælum til og með 100 A ..... — 88.00 — —
3. Af þrífasa mælum yfir 100 A ..... — 147.00 — —
4. Af mestumælum ..... — 225.00 — —
5. Ársleiga eftir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

## II. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu: Fari lengd jarðlínuheimtaugar fram úr 15 m eða loftlínuheimtaugar fram úr 40 m skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

Málstraumur stofnvara	Jarðlína		Loftlína	
	Lágmark kr.	Yfirlengd kr./m	Lágmark kr	Yfirlengd kr./stólpa
	220 V kerfi			
63 A 1-fasa .....	24 500	1 370	18 600	18 000
100 A 1-fasa .....	29 600	1 640	23 500	22 500
63 A 3-fasa .....	30 600	1 640	23 500	22 500
100 A 3-fasa .....	38 000	1 860	26 700	28 100
125 A 3-fasa .....	47 500	2 080	33 400	29 500
200 A 3-fasa .....	74 100	2 820	52 900	33 700
300 A 3-fasa .....	106 900	3 430		

Málstraumur stofnvara	Jarðlína		Loftlína	
	Lágmark	Yfirlengd	Lágmark	Yfirlengd
	kr.	kr./m	kr	kr./stólpa
	380 V kerfi			
63 A 1-fasa .....	25 500	1 370	21 000	18 000
63 A 2-fasa .....	29 600	1 370	23 500	21 000
63 A 3-fasa .....	41 500	1 640	31 900	22 500
100 A 3-fasa .....	65 700	1 860	47 500	28 100
125 A 3-fasa .....	82 000	2 080	57 600	29 500
200 A 3-fasa .....	128 500	2 820	90 900	33 700
300 A 3-fasa .....	185 300	3 430		

Fyrir heimitaugar með meiri flutningsgetu en taflan segir til um (hér kann að þurfa dreifistöð) skal greitt heimitaugargjald er nemi kr. 1010 á hvert kVA. Skal þá miða aflið við varastærðirnar 425, 500 og 630 A. Yfirlengdargjald reiknast þá í hlutfalli við aukna flutningsgetu eftir 300 A skv. töflunni.

Lengd jarðlínuheimitaugar, 63—200 A í 220 V kerfi og 63—125 A í 380 V kerfi reiknast frá varkassa stystu greiðfæra leið að lóðarmörkum. Þurfi að leggja jarðlínuheimitaug af ofangreindum stærðum út frá loftlínu, skal lengd heimitaugar reiknuð jöfn lengd jarðstrengs frá varkassa að loftlínustólpa. Þveri jarðlínuheimitaugin akbraut, skal breidd akbrautar ekki reiknuð með.

Lengd stærri jarðlínuheimitaugar, en að ofan greinir, reiknast frá varkassa að rofa í dreifistöð. Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Yfirlengdin reiknast sem yfirlengd jarðlínu skv. töflu þátt heimitaugin sé tekin frá loftlínu.

Lengd loftlínuheimitaugar, 63—100 A 220 V og í 380 V kerfi, reiknast frá næsta stólpa í notendalínu við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa. Þurfi að setja stólpa fyrir heimitaug nær húsi en 40 m svo að hún nái löglegri hæð, skal greitt umframgjald kr. 9 900.00 fyrir stólpann.

Séu tvær eða fleiri heimitaugar sameiginlegar að hluta er rafveitunni heimilt að jafna lengdargjöldum niður á umsekjendur heimitauga.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimitaugina skv. kostnaði, en gera honum viðvart um það fyrirfram.

Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimitaugar verði aukin eða ef breyta þarf loftlínuheimitaug í jarðlínuheimitaug, vegna breytinga á stofnlínu í götu, skal húseigandi greiða fullt heimitaugargjald fyrir hina nýju heimitaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimitaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Bessastaðahrepps.

### III. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar fyrir veituna hafi komið, skal taka gjald fyrir enduroppun, 600 krónur.

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt 600 króna gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Sé opnað utan venjulegs vinnutíma, er þó heimilt að krefjast opnunargjalds samkv. kostnaði.

#### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

Rafveitunefnd er heimilt að breyta hitatöxtum rafmagns til samræmingar við nágrannaveiturnar.

Hækki innkaupsverð á raforku, er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 48% af þeirri hækkun.

Fyrir full 5%, sem kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytingar á grunnkaupi eða kaupgjaldsvísitölu, er rafveitunefnd heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá þessa um 4%.

Söluskattur 15%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar, 2% til niðurgreiðslna á landbúnaðarafurðum og 13% verðjöfnunargjald til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins, samtals 32%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema annars sé sérstaklega getið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda frá og með 1. október 1974. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 168 27. maí 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. september 1974.*

**F. h. r.**

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*